

Lífshlaupið — stærsta myndverk Kjarvals, sem þakti veggi vinnustofu hans í Austurstræti. Það er sýnt hér í heilu lagi og tekur yfir allan enda salarins.

ÆTLI ÉG VELJI EKKI KRIST OG JÚDAS

Samtal við *ÞORVALD GUÐMUNDSSON* sem safnað hefur Kjarvalsmyndum í rúma fimm áratugi og opnar í dag sýningu á 150 málverkum, teikningum og vatnslitamyndum — ásamt Lífshlaupinu — eftir Kjarval í tilefni aldarafmælis meistarans

Aldarafmælis Jóhannesar S. Kjarvals er nú minnst með tveimur stórsýningum. Önnur er á Kjarvalsstöðum; opinbert framtak, sem er sjálfsagt og eðlilegt á þessum tímamótum. Hin er í sýningarsalnum Háholti í Hafnarfirði og er framtak eins manns, Þorvaldar Guðmundssonar. Salnum hefur hann sjálfur komið upp eins og flestir vita og þar sýnir hann 150 málverk, teikningar og vatnslitamyndir eftir Jóhannes Kjarval, sem hann hefur eignast á síðustu áratugum. Þar að auki sýnir hann Lífshlaupið; myndirnar af vinnustofuveggjum Kjarvals, sem Þorvaldur keypti á sínum tíma og kom þá í veg fyrir að þetta stórverk Kjarvals yrði selt úr landi. Raunar er Kjarvalssafn Þorvaldar ennþá stærra. Eftir eru allmargar teikningar og málverk, sem hanga gestum til yndis og ánægju á Hótel Holti og í Þingholti.

Það þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um það, hve stórkostlegt afrek Þorvaldur hefur unnið í landi þar sem lítið er um söfn. Hann gnæfir þar yfir aðra ásamt mönnum eins og Markúsi Ívarssyni, Ragnari í Smára og Sverri Sigurðssyni. Safn Þorvaldar er geysilega víðfeðmt og tekur bæði til annarra brautryðjenda en Kjarvals og fjölmargra listamanna, sem heyra til nútímanum. Áherzlan hefur samt verið á Kjarval og Þorvaldur hefur fylgst vel með, þegar verk eftir meistarann hafa komið á uppboð erlendis, einkum í Danmörku. Mörgum dýrgrip hefur Þorvaldur náð til landsins og í annan stað hefur hann bjargað myndum, sem lágu undir skemmdum og látið sérfræðinga gera við þær.

Þorvaldur kveðst ekki hafa hugmynd um, hversu margar Kjarvalsmyndir hann á. Hann geymir að útbúa allsherjarskrá þar til hann hægir á sér eins og hann segir. En hann bætir við, að það sé svona í undirbúningi.

Í tilefni sýningarinnar, sem Þorvaldur opnar í dag, átti ég stutt samtal við hann í Háholti, þar sem hver smuga er þakin listaverkum. Kjarvalssýningin hefst þegar í forsalnum og Þorvaldur hefur látið stækka tvær myndir af málaranum, sem fara vel þarna og bregða stórum svip yfir umhverfið. En hvenær hófst þetta ævintýri Þorvaldar? Hvernig stóð á því að hann eignaðist fyrstu Kjarvalsmyndina? Um það spurði ég hann fyrst.

— Það var í kringum 1930. Ég var þá í Matardeildinni hjá Sláturfélagi Suðurlands. Þangað kom Kjarval oft; hann þurfti að láta sjóða fyrir sig slátur og hangikjöt og þar kynntumst við fyrst. Hann vissi, að móðir mín var frá Melhóli, næsta bæ við Efri-Ey í Meðallandi; þau voru þar bæði í æsku og þetta flýtti eitthvað fyrir kynnum okkar, sem leiddi til vinskapar og stóð á meðan Kjarval lifði.

En þú spurðir um fyrstu myndina, sem ég eignaðist. Hana gaf Kjarval mér, enda var hann afskaplega gjafmildur og kunni vel að meta það, ef eitthvað var gert fyrir hann. Þessi mynd er á sýningunni; ég hef nefnt hana Kristur og Júdas og mér þykir mjög vænt um hana, — þetta er lítil olíumynd. —


— Var það Kjarval, sem opnaði augu þín fyrir myndlist, ef svo mætti segja?

— Já, það er víst alveg óhætt að segja það. Ég kom oft til hans á kvöldin og þá fræddi hann mig á margan hátt og opnaði augu mín, enda var ég þá alls ófróður um þá hluti, — ekki orðinn tvítugur. Það er ómetanlegt og verður aldrei fullþakkað að kynnast góðu fólki, meðan maður er enn á mótunaraldri.

— Var rætt um Kjarval í þínu ungdæmi sem skringilegan sérvitring og kynlegan kvist, eða sem mikinn listamann?

— Frá því ég heyrði fyrst minnst á hann, var alltaf talað um hann með virðingu og sem mikinn listamann.

Það vildi líka svo til, að ég kynntist mönnum, sem voru einlægir aðdáendur



Þorvaldur Guðmundsson á sýningunni í Háholti. Stórkostlegt afrek eins manns og talandi tákn um það hverju einstaklingur getur fengið áorkað á sínu lífshlaupi.